



Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps
Fundargerð

Fundur nr. 266 í Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps verður haldinn föstudaginn 12. apríl 2019 kl. 16:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.
Fundin sitja ásamt undirrituðu nefndarfólki og Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri Mýrdalshrepps og George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi Mýrdalshrepps.

Skipulags- og byggingarfulltrúi óskar eftir því að eftirfarandi mál verði tekið utan auglýstrar dagskrár:

Víkurbraut 26 - Umsókn um byggingarleyfi

Jón Ómar Finnsson f.h. Puffin Hotel Vík ehf. sækir um leyfi til að breyta og endurnýja klæðningu á Víkurbraut 26.

Skipulagsnefnd samþykkir að taka málið fyrir og að það verði liður númer 10 á málaskrá.

-Samþykkt samhljóða

Dagskrá fundarins:

I. Skipulagsmál:

1. Péturshólar – Breyting á deiliskipulagi.

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi vegna Péturshóla. Kynning á uppfærðri deiliskipulagstillögu þar sem búið er að bregðast við athugasemdum Skipulagsstofnunar.

Guðrún Hildur vikur af fundi.

Nefndin leggur til að fengin verði umsögn frá Vegagerðinni og kalla eftir umsögn frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu áður en lengra verður haldið.

-Samþykkt samhljóða

Guðrún Hildur kemur aftur inná fundinn.

2. Norður-Foss – Breyting á deiliskipulagi.

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi vegna Norður-Foss. Kynning á uppfærðri deiliskipulagstillögu þar sem búið er að bregðast við athugasemdum Skipulagsstofnunar.

Nefndin tekur undir með Skipulagsstofnun og beinir því til landeigenda á Norður-Fossi ef taka á landbúnaðarbyggingar undir ferðapjónustu, þá þarf að rökstyðja hvernig ákvæði um blandaðan búrekstur í aðalskipulagi er uppfylltur og að fullyrðingar um að engar fornminjar séu á skipulagssvæðinu þarf að bera undir Minjastofnun Íslands. Nefndin felur skipulagsfulltrúa að fylgja málinu eftir.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "Gx", "Olgy", and "ER".

-Samþykkt samhljóða.

3. Pétursey 2 – Deiliskipulagstillaga.

Tillaga að deiliskipulagi vegna Péturseyjar 2 lögð fram til afgreiðslu.

Nefndin samþykkir tillögu að deiliskipulagi og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa í samræmi við 41.gr. skipulagslaga. Nefndin leggur til að tillagan verði send Skipulagsstofnun til yfirferðar vegna samræmingar við gildandi aðalskipulag.

-Samþykkt samhljóða

4. Skeiðflöt – Deiliskipulagstillaga.

Tillaga að deiliskipulagi vegna Skeiðflatar lögð fram til afgreiðslu.

Nefndin samþykkir tillögu að deiliskipulagi og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa í samræmi við 41.gr. skipulagslaga. Nefndin leggur til að tillagan verði send Skipulagsstofnun til yfirferðar vegna samræmingar við gildandi aðalskipulag.

-Samþykkt samhljóða

5. Sunnubraut 22 – Umsókn um stöðuleyfi.

Holly Keyser sækir um stöðuleyfi fyrir söluvagn.

Nefndin samþykkir umsóknina og felur skipulagsfulltrúa að undirbúa lóðina fyrir matartorg.

- Samþykkt samhljóða

6. Syngjandinn – Útivistar/útikennslusvæði

Lögð er fram skissu af hugmynd fyrir útivistar/útikennslusvæði á Syngjandanum.

Nefndin gerir ekki athugasemdir við skipulagningu svæðisins.

- Samþykkt samhljóða

7. Sléttuvegur 2 - 2a – Kynning á endurupptöku máls

Sléttuvegur 2 -2a, endurupptaka máls á grundvelli 13. gr. stjórnarsýslulaga um andmælarétt og 23. gr. stjórnarsýslulaga um endurupptöku máls.

Lóðarhafa er gefinn frestur til 10. maí 2019 til að skila inn teikningum, þar sem brugðist er við tilmælum frá fundi 24. Apríl 2018.

-Samþykkt samhljóða.

8. Víkurbraut 8 – Breyting á útlit húsnæðis

Lögð er fram kynning vegna breytingu á útlit húsnæðis við Víkurbraut 8 – Leikskálar.

Nefndin samþykkir að hafa útlit franskra glugga með níu rúðum á austur og suður hliðum Leikskála, nefndin samþykkir einnig tillögu um að hafa þrjá glugga á austustafni. Nefndin felur skipulagsfulltrúa að fara með tillöguna í grenndarkynningu.

-Samþykkt samhljóða

9. Skagnes 2 - Umsókn um niðurrif

Sigríður Steinþórsdóttir sækir um leyfi fyrir niðurrifi á gömlum fjárhúsum og hlöðum í Skagnes 2.

Nefndin samþykkir að fela Skipulagsfulltrúa að vinna málið til enda.

-Samþykkt samhljóða

10. Víkurbraut 26 - Umsókn um byggingarleyfi

Jón Ómar Finnsson f.h. Puffin Hotel Vík ehf. sækir um leyfi til að breyta og endurnýja klæðningu á Víkurbraut 26.


Nefndin samþykkir að fara með breytingarnar í grenndarkynningu. Og felur skipulagsfulltrúa framkvæmd hennar.

-Samþykkt samhljóða

II. Til kynningar:


1. Smiðjuvegur 17 – Kynning á byggingarleyfi.


Kynning á leyfi fyrir uppsetningu á sand- og olíuskilju á Smiðjuvegi 17.



Drífa Bjarnadóttir


Jónas Erlendsson


Óðinn Gíslason


Kristján Þórðarson


Guðrún Hildur Kolbeins


George Þrumuselu